

GJALDSKRÁ

fyrir Sauðárkrókshöfn og Hofsóshöfn

Almenn ákvæði.

1. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Sauðárkrókshöfn og Hofsóshöfn er sett skv. heimild í 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003 ásamt breytingu með lögum nr. 28/2007, 145/2007, 88/2010 og 60/2014.

Gjaldskráin er við það miðuð að hafnirnar geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri, sbr. 5. tölulið 3. gr. hafnalaga.

Um gjaldtöku tengda stærð skipa.

2. gr.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælingarbréfi, sem gefið er út í samræmi við alþjóðasamþykktina um mælingu skipa frá 1969.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

Skipagjöld.

4. gr.

Lestargjöld.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, kr. 15,90 á mælieiningu skv. 2. gr. en þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

Bryggjugjöld.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða eftirfarandi:

Skip við bryggju kr. 7,45 á mælieiningu fyrir hverja byrjaða 24 tíma, sem skip liggur bundið.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum allt að 100 brt, og minni bátum, sem mánaðargjald, kr. 103,04 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 7.667 á mánuði.

Árgjald báta 0-20 brt, kr. 57.247

Einkaleiga við flotbryggju og harðviðarbryggju verði:

Árgjald, kr. 109.353.

Mánaðargjald, kr. 13.672.

Bátar allt að 20 brt, greiði kr. 7.667 fyrir hvern mánuð, bátar undir 6 m greiði ½ gjald.

Bátar yfir 20 brt og allt að 50 brt, greiði kr. 10.970 fyrir hvern mánuð.

Bátar yfir 50 brt og allt að 100 brt, greiði kr. 15.333 fyrir hvern mánuð.

Heimilt er að leggja á allt að fimmföld bryggjugjöld á skip og báta sem liggja um lengri tíma við bryggju og hafa verið án haffærisskírteinis í a.m.k. 6 mánuði.

Heimilt er að leggja þreföld bryggjugjöld á skip og báta sem óska eftir langtímaviðlegu vegna annarrar starfsemi en útgerðar.

Undanþegin greiðsla bryggjugjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki frekari þjónustu.

Vörugjöld.

5. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

6. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

7. gr.

Af vörum, sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald. Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar á land.

8. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

- a. Umbúðir sem endursendar eru.
- b. Olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
- c. Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
- d. Úrgangur til eyðingar.

9. gr.

Vörugjald reiknast eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóri eða afgreiðslumaður skips skal láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

10. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og hér segir.

Vörugjaldskrá.

1. fl.: Gjald kr. 297,31 fyrir hvert tonn:
Heilfarmar og stórsekkjavara, svo sem, kol, laust korn, salt, vikur, sandur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl.: Gjald kr. 372,61 fyrir hvert tonn:
Bensín, brennsluolíur, lýsi og fiskimjöl.
3. fl.: Gjald kr. 618,01 fyrir hvert tonn:
Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, timbur, veiðarfæri, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingarframkvæmda. Þökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
4. fl.: Gjald kr 1.772,78 fyrir hvert tonn:
Aðrar vörur sem ekki eru tilgreindar í flokkum 1-3.
5. fl.: Gjald 1,6%. Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi heildarverðmætis. Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði.

Seljanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um seldan afla um leið og sala hefur átt sér stað, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskistofu. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað.

Um aflagjald af grásleppuhrognum gildir sama regla og með landaðan bolfisk og skal útgerðarmaður eða verkandi skila til hafnaryfirvalda skýrslum um heildarverðmæti hrognanna. Verði þeim ekki skilað munu hafnaryfirvöld ná í þær tölur inn á vefsíðu Fiskistofu sem vigtarmenn hafa aðgang að.

Seljandi ber skil á greiðslu aflagjalds.

Lágmark í öllum flokkum er kr. 213,76.

Leiga á gámasvæði.

11. gr.

Leiga fyrir geymslusvæði skal vera eftirfarandi:

Geymsla á malbikuðu svæði pr. fermetra á mánuði, kr. 116.

Geymsla á ómalbikuðu svæði pr. fermetra á mánuði kr. 58.

Langtímaleiga fyrir 40 geymslugáma fyrir trilluúngerð kr. 12.783 pr. ár.

Úrgangs- og förgunargjald

12. gr.

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 og reglugerð nr. 1200/2014 ber skipstjóri ábyrgð á að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningalaust skila fyrir komu skips til hafnar útfylltu eyðublaði til hafnarinnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað skal á land. Misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

Skip sem óskar eftir að Skagafjarðarhafnir taki á móti úrgangi skal tilkynna um það að lágmarki 48 klst fyrir komu til hafnar.

Öll skip sem falla undir c-lið 11. gr. í lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 skulu greiða eftirfarandi vegna úrgangs:

- a. Úrgangsgjald: Við komu skips til hafna skal skip greiða 0,76 kr. á brt. Gjald þetta skal standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á úrgangi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 5.400 og hámarksgjald kr. 49.000.
- b. Úrgangsgjald: Gjald skv. a-lið má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá 0,36 kr. á brt. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 5.400 og hámarksgjald kr. 24.500.
- c. Úrgangsgjald: Skip og bátar sem koma oftast en fjórum sinnum til hafnar á sama almanaksári greiða samkvæmt b-lið fyrir fimmtu komu og komur eftir það.
- d. Úrgangsgjald: Skip og bátar sem eru undir 60 m að lengd og hafa varanlega viðveru í Skagafjarðarhöfnum skulu greiða fast mánaðargjald vegna eftirlits og umsýslu hafnar vegna móttöku á úrgangi. Mánaðargjaldið skal vera kr. 5.400 á mánuði.
- e. Förgunargjald: Við komu til hafnar skulu öll skip sem falla undir 11. gr. laga nr. 33/2004 greiða förgunargjald óháð því hvort þau skila úrgangi í land. Förgunargjaldið skal standa á undir förgun á úrgangi sem skilað er á land:
Farþegaskip yfir 60 m á lengd skulu greiða 1,50 kr. á brt. Gjaldið miðast við eftirfarandi sorpmagn:
Farþegaskip undir 30.000 brt: 5 m³
Farþegaskip frá 30.000 brt til 100.000 brt: 10 m³
Farþegaskip yfir 100.000 brt: 15 m³
Önnur skip skulu greiða 2,05 kr. á brt: Gjaldið miðast við 5 m³ af sorpi.
Greiða skal samkvæmt h-lið fyrir sorp sem fer umfram ofangreinda viðmiðun.

Skip og bátar sem eru undir 60 m á lengd og hafa varanlega viðveru hjá Skagafjarðarhöfnum skulu háðir sérstöku samkomulagi sem m.a. taki á lögum og reglum um skil á sorpi.

Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er kr. 53.000.

- f. Förgunargjald: Leiti skip til viðurkennds aðila um móttöku á úrgangi getur það fengið álagt förgunargjald skv. e-lið endurgreitt enda skili það áður kvittun móttökuaðilans ásamt réttum upplýsingum um losað magn. Skilyrði endurgreiðslu kostnaðar er að kvittun móttökuaðila hafi borist Skagafjarðarhöfn innan tveggja sólarhringa frá brottför skips.
- g. Samkvæmt 11. gr. reglugerðar nr. 1200/2014 getur Umhverfisstofnun veitt skipum í áætlunarsiglingum, sem hafa reglulega viðkomu í höfnum og sýna fram á trygga afhendingu úrgangs og greiðslu gjalda í hverri höfn á siglingaleiðinni undanþágu frá afhendingu úrgangs.
Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um afhendingu úrgangs eða skilum á tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.
- h. Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. og c-lið 11. gr. Hafnarlaga nr. 33/2004 skulu greiða fyrir móttöku hafnar og förgun á almennu sorpi. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er kr. 11.173 á hvern m³ og lágmarksgjald einn rúmmetra. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstöku úrgangi sem hefur í för með sér kostnað umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi aðili þann kostnað sem til fellur. Skemmtibátar greiði kr. 1.185 á ári.

Hafnsögugjöld.

13. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

Fyrir leiðsögu til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi kr. 35.600 fyrir hvert skip. Fyrir leiðsögu frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.

Þjónusta hafnsögubáts.

14. gr.

Fyrir flutning á hafnsögumanni greiðist kr. 31.500.

Festargjöld.

15. gr.

Festargjald, dagvinna, kr. 13.629.

Festargjald, næturvinna, kr. 23.021.

Festargjöld, stórhátíðavinna, kr. 30.548.

Gjaldið miðast við einn mann.

Þegar skip leggur að bryggju skal starfsmaður hafnarinnar taka á móti því, en þó er heimilt að veita undanþágu frá þessari reglu í sérstöku tilfellum.

Vatnssala.

16. gr.

Vatnsgjald:

Kalt vatn til skipa, kr. 290 á m³.

Heitt vatn til skipa, kr. 332 á m³.

Lágmarksgjald miðað við 10 m³.

Útkall milli kl. 17.00 og 08.00 virka daga svo og um helgar og helgidaga, greiðist sérstaklega kr. 5.772 pr. klst.

Rafmagnssala.

17. gr.

Rafmagn:

Sauðárkrókshöfn, kr. 19,60 á kWst.

Hofsóshöfn, kr. 19,60 á kWst.

Haganesvík, kr. 19,60 á kWst.

Tengilgjald, kr. 4.920.

Rafmagn á flotbryggju og harðviðarbryggju er með 10% afslætti.

Rafmagnsgjöld geta tekið breytingum án fyrirvara vegna gjaldskrárbreytinga birgja hafnarinnar hverju sinni.

Útkall milli kl. 17.00 og 08.00 virka daga svo og um helgar og helgidaga, greiðist sérstaklega kr. 5.772 pr. klst.

Vigtargjald.

18. gr.

Vigtargjöld:

Vigtun á sjávarfangi, kr. 162 á tonn, þó ekki lægra en kr. 1.620.

Öll almenn vigtun, kr. 223,80 á tonn þó ekki lægra en kr. 2.238.

Einstök vigtun, kr. 2.238.

Þjónustugjöld fiskiskipa undir 100 brt.

Vigtunargjald pr. vigtun, kr. 895.

Kranagjald pr. hvert byrjað tonn, kr. 429.

Kalt vatn pr. löndun, kr. 124.

Sorpjald pr. mánuð, kr. 516.

Eftir kl. 17.00 til 08.00 næsta dag, svo og laugardaga, sunnudaga og aðra helgidaga, verða, ef nauðsynlegt reynist að ræsa út til vigtunar á þeim tíma, innheimtir 4 tímar í næturvinnu samkvæmt gjaldskrá. Deilist á milli báta séu fleiri en einn að landa á svipuðum tíma.

Úrtaksvigtun. Af sjávarafla frystitogara eða öðrum þeim skipum er frumlanda sjávarfangi í Sauðárkrókshöfn skal greiða skráningargjald sem er kr. 161,86 á landað tonn ef skráð er í GAFL, kerfi Fiskistofu.

Útkall milli kl. 17.00 og 08.00 virka daga svo og um helgar og helgidaga, greiðist sérstaklega kr. 5.772 pr. klst., getur tekið breytingum án fyrirvara með nýjum kjarasamningum. Á sérstökum helgidögum greiðist stórhátúðayfirvinna 8.744 kr. pr. klst.

Hafnavernd.

19. gr.

Gjald vegna hafnaverndar er eftirfarandi.

Öryggisgjald (fastagjald), kr. 40.879.

Öryggisgæsla:

a. dagvinna, kr. 4.436.

b. næturvinna, kr. 5.772.

Getur tekið breytingum án fyrirvara með nýjum kjarasamningum.

Um innheimtu og greiðslu gjalda.

20. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra gjalda skv. gjaldskrá þessari og skal greiða gjöldin á skrifstofu sveitarfélagsins. Heimilt er að leita samþykkis skrifstofunnar til notkunar greiðslumiðlunar við uppgjör skulda.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er áskilið að reikna dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð skv. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

21. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til Hafnarsjóðs Skagafjarðar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt við komu til hafnar að gefa hafnarstjóra upplýsingar um skipið í samræmi við ákvæði 5. mgr. reglugerðar nr. 326/2004 um hafnamál og afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess vegna ófullnægjandi upplýsinga frá skipstjóra og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda áfallinna gjalda.

Áfallin gjöld skal greiða áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

22. gr.

Vörugjald greiðist af öllum vörum sem eru affermdar, afhentar eða fluttar, eða á annan hátt sjóleiðis eða landleiðina, inn fyrir mörk hafnarinnar. Vörugjaldið reiknast skipi til skuldar áður en skip hefur siglingu, nema um annað sé sérstaklega samið. Vörugjald er á ábyrgð farmflytjanda og er afhending vöru án greiðslu vörugjalds á hans ábyrgð.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar í skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt.

23. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má ávallt tryggja með aðför að undangengnum dómi.

Skipagjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða váttryggingafé. Gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðkröfum, sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnarlaga nr. 61/2003. Hafnarsjóði Skagafjarðar er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

24. gr.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari eru án virðisaukaskatts. Hafnarsjóði Skagafjarðar er skylt að innheimta virðisaukaskatt af öllum gjöldum í gjaldskrá þessari, sbr. 3. tl. 3. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Gildistaka.

25. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnarsjóð Skagafjarðar er samþykkt af umhverfis- og samgöngunefnd 16. apríl 2018 skv. hafnalögum nr. 61/2003 ásamt síðari breytingum, og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004 og staðfest af sveitarstjórn 25. apríl 2018.

Gjaldskráin gildir frá 1. september 2018 og verður aðgengileg á heimasíðunni <http://hafnir.skagafjordur.is/> og á heimasíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar, <http://skagafjordur.is/>. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Sauðárkrókshöfn og Hofsóshöfn nr. 1212/2017, sem birt var á heimasíðunni <http://hafnir.skagafjordur.is/> og heimasíðu Sveitarfélagsins, <http://skagafjordur.is/>.

Sauðárkróki, 11. júlí 2018.

Ásta Björg Pálmadóttir sveitarstjóri.